

Nd. **510. Frumvarp til laga** [151. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 23. maí.)

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. málsgr. 5. gr. laganna komi nýr másl., svo hljóðandi:

Þó má veita eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.